

Greinargerð jafnréttisfulltrúa HÍ um umsóknir og úthlutanir úr Rannsóknasjóði HÍ 2008

Hér eru upplýsingar um umsóknir og úthlutanir skoðaðar m.t.t. kyns, annars vegar fyrir öll fræðasvið samanlögð og hins vegar hvert fræðasvið fyrir sig. Rétt er að áréttast að hér er ekkert mat lagt á „gæði“ umsókna, og því erfitt að meta hvort munur á kynjum í einstökum tilfellum sé réttmætur.

- Alls sóttu 198 manns um fjármagn úr Rannsóknasjóði HÍ sem úthlutað var um áramótin 2007/2008 – 130 karlar og 68 konur. Úthlutað var til 119 karla og 68 kvenna, alls 175 manns. Flest þeirra sem sóttu um fengu því úthlutað úr sjóðnum.
- 66% umsækjenda voru karlar og 34% konur. Hlutfall karla var síðan ögn hærra meðal þeirra sem fengu úthlutað úr sjóðnum, eða 68%, en konur voru 32% þeirra sem fengu úthlutun úr sjóðnum.
- Hæsta upphæð sem úthlutað var fyrir einstaka umsókn var 1.800.000 kr., og sú lægsta var 200.000 kr.
- Þeir karlar sem fengu úthlutað úr sjóðnum sóttu að jafnaði um hærri upphæð (meðaltal = 1.715 þús. kr.) en konur (meðaltal = 1.492 þús. Kr.), en miðgildi beggja kynja var það sama, eða 1.500.00 kr. Hér eru því „útlagar“ meðal karla sem hækka meðaltal þeirra.
- Karlar fengu að jafnaði hærri styrk (meðaltal = 1.000 þús.kr., miðgildi = 1.000 þús.kr.) en konur (meðaltal = 842 þús.kr., miðgildi = 700 þús.kr.).
- .

Betri yfirsýn en hér að ofan fæst með því að skoða umsóknir og úthlutanir fyrir hvert svið fyrir sig. Í gögnum er miðað við skiptingu í fræðasvið eins og þau verða 1. júlí 2008, og er notast við þá skiptingu hér að neðan, en eðlilega eru ekki tölur fyrir menntavísindasvið, þar sem kennarar á því sviði tilheyrðu ekki HÍ við úthlutun – með örfáum undantekningum þó. Hér er yfirlit yfir umsóknir og úthlutanir fyrir félagsvísindasvið:

- Á félagsvísindasviði sóttu fleiri konur (20) um úthlutun en karlar (16), og voru því 56% umsækjenda konur. Af þeim sem fengu úthlutað úr sjóðnum voru 53% konur, en 47% karlar.
- Karlar virtust líklegri en konur til að fá umsókn sína samþykkt, og fengu 88% karlkyns umsækjenda á félagsvísindasviði úthlutun en 80% kvenna.
- Þegar litið er til þeirra sem fengu úthlutað þá sóttu karlar að jafnaði um töluvert meira fé (meðaltal = 1.852 þús.kr., miðgildi = 1.598 þús.kr.) en konur (meðaltal = 1.180 þús.kr., miðgildi = 1000 þús.kr.). Karlar fengu einnig hærri úthlutun að jafnaði (meðaltal = 964 þús.kr., miðgildi = 1.000 þús.kr.) heldur en konur (meðaltal = 628 þús.kr., miðgildi = 500 þús.kr.).
- Ef horft er til þess hversu mikið af því fé sem sótt var um fékkst við úthlutun er lítil munur á kynjum. Karlar fengu að jafnaði 52% af því sem þeir fóru fram á í umsókn, en konur 53%.¹

¹ Hér er ekki reiknað með þeim sem ekki fengu úthlutað úr sjóðnum.

- **Helsti munurinn á kynjum virðist því felast í að karlar sækja jafnan um hærri upphæð en konur, og fá hærri úthlutun.**

Á heilbrigðisvísindasviði er myndin ögn flóknari:

- Fleiri karlar (31) sóttu um en konur (22) og voru því 58% umsækjenda karlar. 17 konur og 28 karlar fengu úthlutun, og því voru konur 38% þeirra sem fengu úthlutun en karlar 62%.
- Karlar voru líklegri til að fá umsókn sína samþykkt, og fengu 90% karla úthlutun en 77% kvenna.
- Að jafnaði fengu konur hærri úthlutun (meðaltal = 1.109 þús.kr., miðgildi = 1.100 þús. kr.) heldur en karlar (meðaltal = 870 þús.kr., miðgildi = 700 þús.kr.) og var það eingöngu á heilbrigðisvísindasviði sem slíkt mynstur kom fram. Þetta er einkum áhugavert í ljósi þess að karlar sóttu að meðaltal um hærri upphæð (meðaltal = 1.766 þús. kr., miðgildi 1.500 þús.kr.) heldur en konur (meðaltal = 1.671 þús.kr., miðgildi = 1.500 þús.kr.)².
- Konur fengu að jafnaði meira af því fé sem sótt var um en karlar, og fengu konur að meðaltali 66% af því sem sótt var um en karlar 49%.³ Þetta, ásamt liðnum hér beint fyrir ofan, gefur til kynna að algengara sé hjá körlum en konum á heilbrigðisvísindasviði að háar umsóknir (háar fjárhæðir) hljóti dræmar undirtektir (töluvert lægri úthlutun).
- **Á heilbrigðisvísindasviði virðist kynjamunur einkum liggja í því að nokkru fleiri karlar sóttu um en konur, og sama á við um úthlutanir. Eins voru karlar líklegri en konur til að fá umsókn sína samþykkt. Konur fengu hins vegar að jafnaði hærri upphæð við úthlutun heldur en karlar, þrátt fyrir að karlar hafi að jafnaði sótt um hærri upphæð.**

Fæstir umsækjendur voru á hugvísindasviði, og þar virtist körlum ganga betur en konum að sækja fé í sjóðinn:

- Fleiri karlar (18) sóttu um fé í sjóðinn en konur (14), og voru 56% umsækjenda karlar. Hlutfall karla var síðan ögn hærra meðal þeirra sem fengu úthlutað úr sjóðnum, og voru karlar 60% þeirra sem fengu úthlutað en konur 40%.
- Karlar voru nokkru líklegri en konur til að fá umsókn sína samþykkt. Allir þeir 18 karlar á hugvísindasviði sem sóttu um fengu úthlutað úr sjóðnum, en 12 af 14 konum (eða 86%) sem sóttu um fengu úthlutað úr sjóðnum.
- Karlar sóttu að jafnaði um hærri upphæð (meðaltal = 1.326 þús.kr., miðgildi = 1.400 þús.kr.) heldur en konur (meðaltal = 1.258, miðgildi = 1.091).⁴ Karlar fengu að jafnaði töluvert meira fé úthlutað (meðaltal = 831 þús.kr., miðgildi = 800 þús.kr.) heldur en konur (meðaltal = 554 þús.kr., miðgildi 600 þús.kr.).⁵
- Einnig kemur fram kynjamunur þegar litið er til þess hve stórt hlutfall af því fé sem sótt var um fékkst úthlutað. Konur fengu að jafnaði 44% af því fé sem farið var fram á, en karlar 63%.⁶

² Hér er ekki reiknað með þeim sem ekki fengu úthlutað úr sjóðnum.

³ Hér er ekki reiknað með þeim sem ekki fengu úthlutað úr sjóðnum.

⁴ Hér er ekki reiknað með þeim sem ekki fengu úthlutað úr sjóðnum.

⁵ Hér er ekki reiknað með þeim sem ekki fengu úthlutað úr sjóðnum.

⁶ Hér er ekki reiknað með þeim sem ekki fengu úthlutað úr sjóðnum.

- **Kynjamunur á hugvísindasviði felst einkum í því að fleiri karlar sækja um en konur, og fleiri karlar fá úthlutað úr sjóðnum en konur. Karlar voru líklegri til að fá umsókn sína samþykkt, og þeir sóttu að jafnaði um hærri upphæð en konur og einkum var munur á þeirri upphæð sem úthlutað var, á þann veg að karlar fengu töluvert hærri upphæð en konur að jafnaði, og að við úthlutun fengu konur að jafnaði lægra hlutfall af því fé sem sótt var um heldur en karlar.**

Flestir umsækjendur voru á sviði verkfræði og raunvísinda, og voru karlar þar í töluverðum meirihluta:

- 84% umsækjenda, eða 65, voru karlar og 16%, eða 12, voru konur. Sama kynjahlutfall var meðal þeirra sem fengu úthlutað úr sjóðnum.
- Konur og karlar virtust eiga mjög svipaða möguleika á að fá umsókn sína samþykkt, og fengu 91% af þeim körlum sem sóttu um úthlutað úr sjóðnum, en 92% kvenna.
- Konur á sviðinu sóttu að jafnaði um nokkru hærri upphæðir (meðaltal = 1.927 þús.kr., miðgildi 2.000 þús.kr.) en karlar (meðaltal = 1.777 þús.kr., miðgildi = 1.741).⁷ Karlar fengu hins vegar hærri upphæð að meðaltali við úthlutun (meðaltal = 1.122 þús.kr., miðgildi = 1.100 þús.kr.) heldur en konur (meðaltal = 1.055 þús.kr., miðgildi = 1.100 þús.kr.) þó ekki hafi munað mjög miklu. Meðaltal karlanna er hér nokkru hærra en kvennanna, en miðgildi þau sömu hjá báðum kynjum. Þetta skýrist einkum af því að nokkuð var um karlkyns umsækjendur sem fengu háa eða hæstu úthlutun (1.800 þús.kr.).
- Við úthlutun fengu konur að jafnaði lægra hlutfall af því sem sótt hafði verið um heldur en karlar. Konur fengu að jafnaði 55% af því fé sem farið var fram á í umsókn, en karlar 63%.
- **Þó töluvert meira sé um karlkyns umsækjendur en kvenkyns er nokkuð jafnræði með kynjum þegar kom að úthlutun og áttu þau svipaða möguleika á að fá umsókn sína samþykkt. Konur sóttu að jafnaði um hærri upphæðir en karlar, en karlar fengu að jafnaði hærri upphæð við úthlutun. Af þessu leiðir að karlar fengu að jafnaði hærra hlutfall af því fé sem farið var fram á við úthlutun heldur en konur.**

⁷ Hér er ekki reiknað með þeim sem ekki fengu úthlutað úr sjóðnum.